




Íbúafjöldi, aldurs- og kynsamsetning í heilbrigðisumdæmum 2015

Höfuðborgarsvæðið

Íbúafjöldi á höfuðborgarsvæðinu var 212.451 árið 2015. Þar bjuggu 64% af öllum íbúum landsins og er höfuðborgarsvæðið því langstærsta heilbrigðisumdæmið. Á myndinni hér að neðan má sjá hlutfallslega samsetningu íbúa höfuðborgarsvæðisins eftir kyni og aldri í samanburði við landið í heild árið 2015. Útlínur lýsa hlutfalli íbúa í heilbrigðisumdæminu á hverju aldursbili og litaður bakgrunnur lýsir hlutfalli íbúa landsins alls á sama aldursbili. Á myndinni má sjá að hlutfall fólks á aldrinum 25-44 er hærra á höfuðborgarsvæðinu en á landinu öllu.




Skýring: Ramminn lýsir íbúasamsetningu í viðkomandi heilbrigðisumdæmi en litaður bakgrunnur lýsir íbúasamsetningu á landinu öllu.



Vesturland


Íbúafjöldi á Vesturlandi var 17.731 árið 2015. Þar bjuggu því 5,4% af öllum íbúum landsins. Ef aldursamsetning á Vesturlandi er borin saman við landið í heild sést að hlutfall fólks á aldrinum 25-49 ára er lægra en á landinu í heild en frá 55 ára aldri er hlutfallið hærra á Vesturlandi en á landinu í heild, einkum meðal karla.



Skýring: Ramminn lýsir íbúasamsetningu í viðkomandi heilbrigðisumdæmi en litaður bakgrunnur lýsir íbúasamsetningu á landinu öllu.

Vestfirðir

Vestfirðir eru fámennasta heilbrigðisumdæmið. Þar bjuggu 6.027 íbúar árið 2015, eða 1,8% af öllum íbúum landsins. Aldursamsetning á Vestfirðum er frábrugðin landsmeðaltali að því leyti að hlutfallslega færri eru á aldrinum 25-49 ára, sérstaklega á meðal kvenna. Hins vegar er hlutfallslega fjölmennara í eldri aldurshópnum, einkum í aldurshópnum á milli fimmtugs og sextugs.




Skýring: Ramminn lýsir íbúasamsetningu í viðkomandi heilbrigðisumdæmi en litaður bakgrunnur lýsir íbúasamsetningu á landinu öllu.



Norðurland


Íbúafjöldi á Norðurlandi var 35.276 árið 2015. Þar bjuggu því 10,7% af öllum íbúum landsins og er það næstfjölmenntasta heilbrigðisumdæmið. Eins og í öðrum heilbrigðisumdæmum utan höfuðborgarsvæðisins eru hlutfallslega færri um miðbik aldurspýramídans eða á milli 25 og 44 ára en fleiri í eldri aldurshópnum. Munurinn á hlutfalli ungs fólks er þó heldur meiri milli Norðurlands og landsmeðaltals en í öðrum heilbrigðisumdæmum.



Skýring: Ramminn lýsir íbúasamsetningu í viðkomandi heilbrigðisumdæmi en litaður bakgrunnur lýsir íbúasamsetningu á landinu öllu.

Austurland

Íbúafjöldi á Austurlandi var 10.314 árið 2015. Þar bjuggu því 3,1% af öllum íbúum landsins. Enn og aftur eru hlutfallslega færri á aldrinum 25-44 ára á Austurlandi en á landinu í heild og herra hlutfall fólks í eldri aldurshópum.




Skýring: Ramminn lýsir íbúasamsetningu í viðkomandi heilbrigðisumdæmi en litaður bakgrunnur lýsir íbúasamsetningu á landinu öllu.



Suðurland


Íbúafjöldi á Suðurlandi var 26.749 árið 2015 og var það þriðja fjölmennasta umdæmið. Þar bjuggu 8,1% af öllum íbúum landsins. Áfram eru hlutfallslega færri íbúar á aldrinum 25-44 ára í heilbrigðisumdæminu en á landinu í heild en hlutfallslega fleiri eru eldri en 50 ára, einkum á meðal karla.



Skýring: Ramminn lýsir íbúasamsetningu í viðkomandi heilbrigðisumdæmi en litaður bakgrunnur lýsir íbúasamsetningu á landinu öllu.

Suðurnes

Á Suðurnesjum var íbúafjöldinn 22.268 árið 2015. Þar bjuggu 6,7% af öllum íbúum landsins og er umdæmið því fjórða stærsta heilbrigðisumdæmið. Aldursamsetning á Suðurnesjum er frábrugðin landinu öllu að því leyti að svæðinu búa hlutfallslega fleiri börn, ungmenni og ungt fólk en á landinu í heild. Eldri aldurshóparnir, 60 ára og eldri, eru að sama skapi hlutfallslega fámennari á Suðurnesjum en á landinu öllu.



Skýring: Ramminn lýsir íbúasamsetningu í viðkomandi heilbrigðisumdæmi en litaður bakgrunnur lýsir íbúasamsetningu á landinu öllu.